



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

17. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 var haldinn mánudaginn 26. maí kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Kolbrúnar Haraldsdóttur. Auk þeirra sátu fundinn þau: Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu. Hannibal Kjartansson, veitustjóri, var fjarverandi vegna sumarfrís.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs.

a. Félagsheimili – innrétting ráðhúss, bókasafns, fundarsala.

Ákveðið var að leggja gólfhita í neðri hæð og er því lokið. Eftir er að flota gólfíð og lagnavinna er í gangi. Niðurrifi er lokið og búið að saga fyrir lyftunni. Uppsetning milliveggja mun væntanlega eiga sér stað í næstu viku. Allt útlit er fyrir að verkinu ljúki á tilsettum tíma eða í lok júní.

b. Móttökustöð – gámasvæði

Verið er að jarðvegsskipta á vesturhluta svæðisins. Framundan er vinna við undirstöður veggjaeininga rampsins. Verkið er á eðlilegri áætlun.

c. Framkvæmdir við salerni, kennslugang og miðrými Flúðaskóla

Harri Kjartansson hefur tekið að sér að innrétta og lagfæra salerni á kennslugangi seinnipartinn í júlí. Lokatillaga að útliti og þeim breytingum sem þarf að gera á Kvíadal vegna félagsmiðstöðvar og frístundar hefur verið samþykkt í sveitarstjórn ásamt 20 m.kr. fjárveitingu sem kemur til viðbótar þeim fjármunum sem þegar hafði verið veitt til framkvæmda í skólanum. Nefndin leggur áherslu á að allar þessar framkvæmdir klárast fyrir skólasetningu í haust.

d. Innrétting skjalasafns

Rýmið verður málað í vikunni og er verktaki mættur á staðinn. Epoxy verður lagt á gólfíð og verkið klárað á næstunni.

e. Bygging skála í Svínárnesi

Tilboð eru að berast í hús og verða þau lögð fyrir sveitarstjórn í næstu viku.

f. Önnur verkefni

Rætt um frágang á skólalóð eftir framkvæmdir síðasta sumars. Um mögulegar aðgerðir til að koma í veg fyrir hálfu á sundlaugarsvæðinu. Rætt um plöntuval og umhirðu og mikilvægi þess að sérstaklega verði hugað að blómlegu útliti á hringtorginu í miðbænum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "JB", "Bn", "ÆFS", "DAS", and "Cue".

2. Verkfundargerðir

- a. Röðulstangi – gatnagerð – frá 7. maí 2025

Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að fyllt verði upp að brunnum í neðri hluta Kerlingartanga. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

- b. Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 29. apríl 2025

Lögð fram til kynningar.

- c. Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 13. maí 2025

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:16.

Þjarney Vignisdóttir

Æur Eyþinn Sigurðsson



Handora Hótel

Dæðgeir Samuelsson

Alfríð Hafþórsson

Guðrún B. Guðrún